

Reglugerð ÍTG um Íþróttamenn ársins í Garðabæ

1. grein

Íþrótta- og tólmstundaráð Garðabæjar (ÍTG) stendur árlega fyrir útnefningu Íþróttamanna ársins í Garðabæ og veitir sérstakan bikar til verðlauna í því sambandi einum karli og einni konu. Bikararnir eru farandbikarar í hvorum flokki auk eignarbikara til minningar um valið. Á fót hvors bikars skal rita nafn hins útnefnda íþróttamanns ásamt viðeigandi ártali og íþróttagrein. Bikararnir eru í vörslu og til sýnis í íþróttamiðstöðinni Ásgarði ásamt mynd og umsögn um viðkomandi það ár sem þau hafa verið valin.

2. grein

Íþróttamaður Garðabæjar getur aðeins sá orðið sem stundar íþróttir með félagi sem starfar í Garðabæ, eða er íbúi í Garðabæ en stundar íþrótt sína utan Garðabæjar enda sé íþróttin ekki í boði innan Garðabæjar.

3. grein

Í árlegu hófi sem ÍTG stendur fyrir, skal lýst kjöri ráðsins á Íþróttakarli og Íþróttakonu Garðabæjar en einnig skal veita viðurkenningar til þeirra einstaklinga sem hafa skarað fram úr í sínum íþróttagreinum. Sæmdarheitið Íþróttakarll eða Íþróttakona Garðabæjar skal að jafnaði ekki veita íþróttamönnum yngri en 18 ára og aldrei yngri en 16 ára.

Afhending sæmdarheitisins Íþróttamaður Garðabæjar skal fara fram með þeirri viðhöfn er ÍTG, að höfðu samráði við bæjarstjóra og bæjarráð, ákveður.

4. grein

ÍTG sér um og annast allan undirbúning að vali íþróttamannsins. Að öllu jöfnu skal fá tilnefningar frá stjórnnum félaga sem starfa í Garðabæ og starfa innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Fulltrúum ÍTG, svo og Íþróttafulltrúa Garðabæjar, er þó heimilt að tilnefna aðra íþróttamenn til viðurkenninga. Greinargerð skal fylgja hverjum þeim sem tilnefndur er þar sem fram komi íþróttaleg afrek og annað það sem gerir viðkomandi að framúrskarandi íþróttamanni.

5. grein

Reglugerð þessi er sett samkvæmt tillögu ÍTG og samþykkt á fundi bæjarráðs Garðabæjar 11. janúar 2011.

Garðabæ, 11. janúar 2011

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari*